

AÐALFUNDUR VÍSINDAGARÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS EHF.

FYRIR STARFSÁRIÐ 2022,

SKV. GR. 3.2 Í SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

Þriðjudaginn 25. apríl 2023 var haldinn aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. (VHÍ) 2021. Fundurinn var haldinn í fyrirlestrasal Grósku og hófst kl. 13.30.

Sigurður Magnús Garðarsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Áður en gengið var til dagskrár undirrituðu þau Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Sigurður Magnús Garðarsson, formaður stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., Vera Antonsdóttir, framkvæmdastjóri Grósku og Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Gróðurhússins í Grósku, viljayfirlýsingu um byggingu nýs gróskumikils hugmyndahúss og frumkvöðlaseturs á svæði Vísindagarða Háskóla Íslands. Að undirritun lokinni tóku þau Jón Atli, Dagur, Sigurður Magnús og Vera stuttlega til máls og lýstu ánægju með áformaða húsbyggingu.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Sigurður Magnús Garðarsson bar upp tillögu um að Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda við Háskóla Íslands, yrði fundarstjóri.

– Samþykkt einróma.

Guðbjörg Linda tók við fundarstjórn og greindi frá því að boðað hefði verið til þessa aðalfundar í samræmi við gr. 3.2 í samþykktum félagsins. Til fundarins voru mættir fulltrúar beggja hluthafa, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands (94,6% hlutur) og Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu, fulltrúi Reykjavíkurborgar skv. umboði (5,4% hlutur). Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan og lagði til að Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu Háskóla Íslands, yrði fundarritari.

– Samþykkt einróma.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta aðalfundar var send fulltrúum beggja hluthafa í kjölfar fundarins og gerðu þeir ekki athugasemd við hana.

– Samþykkt einróma.

3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Sigurður Magnús kynnti greinargóða skýrslu stjórnar á liðnu starfsári. Að því búnu gaf fundarstjóri orðið laust en enginn tók til máls.

4. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.

Fyrir fundinum lá ársreikningur VHÍ 2021, áritaður af ríkisendurskoðanda án athugasemda, ásamt endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar. Heiðar Þór Karlsson, endurskoðandi hjá Deloitte, fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar.

– Ársreikningur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. fyrir árið 2022 samþykktur einróma.

5. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmanna.

Samkvæmt samþykktum fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. eru fimm menn í stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert og tveir til vara.

Fyrir fundinum lá tillaga um að fulltrúar í stjórn VHÍ verði Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, formaður, Arna Hauksdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, Linda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar (COO) Marel hf., Kristinn Aspelund, framkvæmdastjóri Ankeri ehf. og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja og Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg. Fyrsti varamaður verði Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor við Deild heilsuefingar, íþróttá og tómstunda við Menntavísindasvið, og annar varamaður verði Stefán Þór Helgason, sérfræðingur í sprota- og frumkvöðlamálum hjá KPMG. Skipunartími stjórnar er til næsta aðalfundar. Fráfarandi stjórnarmanni, Margréti Helgu Ögmundsdóttur, dósent við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, voru færðar þakkir fyrir hennar störf.

– Samþykkt einróma.

Ríkisendurskoðun mun áfram annast endurskoðun ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

6. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Guðbjörg Linda greindi frá því að skv. gr. 1.3 samþykktu VHÍ er óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu, en vísaði að öðru leyti til skýrslu stjórnar og ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

7. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að stjórnarlaun fyrir komandi starfsár verði frá 1. maí 2023 87.740 kr. á mánuði. Stjórnarformaður fái sem fyrr tvöföld stjórnarlaun eða 175.480 kr. á mánuði frá sama tíma.

– Samþykkt einróma.

8. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri bauð Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands, að ávarpa fundinn. Jón Atli lýsti ánægju með stjórn og starfsemi VHÍ sem væri einn helsti vaxtarbroddur starfsemi Háskóla Íslands. Framtíð félagsins væri björt og mörg spennandi tækifæri framundan, s.s. bygging nýs hugmyndahúss, og frekari flutningur þekkingarfyrirtækja á svæði Vísindagarða í Vatnsmýrinni.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. 2021 slitið kl. 14.30.